

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

54

25. maí

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Bjarni Ásgeirsson.*

## L Ö G

55

25. maí

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Um meðferð ölvaðra manna.

###### 1. gr.

Þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, skal lögreglan að fengnu læknisvottorði flytja í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, ef fyrir hendi er, en annars í venjulegt sjúkrahús, sem hefur tök á að veita viðtöku slíkum sjúklingum.

Nú er ekki vöð á sjúkrahúsi eða rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá láta hlutaðeigandi sjúklinga sæta lækni meðferð, eftir því sem við verður komið.

###### 2. gr.

Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

###### 3. gr.

Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingum sé látin í té viðeigandi aðhlynning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

###### 4. gr.

Sveitarfélög, sem koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr., njóta til þess ríkisstyrks samkv. ákvæðum 1. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

55

25. maí

Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

5. gr.

6. gr.

Kostnað af meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—5. greinar skal greiða sem kostnað af löggæzlu, á sama hátt sem verið hefur.

7. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkonnustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

## II. KAFLI

### Um meðferð drykkjusjúkra manna.

8. gr.

Geðveikrahælið á Kleppi hefur með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Á kostnað ríkisins skal reisa og reka í sambandi við geðveikrahælið og í hæfilegri nálægð þess gæzlustarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur.

Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, reisa og reka á sinn kostnað gæzlustarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma, og fer þá um þær framkvæmdir og ríkissjóðsstyrk til þeirra eftir lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum.

Eftir athugun sjúklinganna á geðveikrahælinu á Kleppi, að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal þeim ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru, og skipt á hælun eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman. Á sama hátt ráðstafar geðveikrahælið sjúklingum þessum þeim til viðréttingar í gæzluvist á völdum einkaheimilum, eftir því, sem á hverjum tíma telst henta. Læknar geðveikrahælisins hafa á hendi lækniseftirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður geðveikrahælið til þess eftirlitsstarfs ármenn eða árkonur eftir þörfum.

9. gr.

Í gæzlu samkvæmt 8. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem dæmdir eru til hælsvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.
2. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar gæzlu, eða lögráðamaður fyrir þeirra hönd, ef sjálfir eru ólögráða, eða dómsmálaráðuneytið samkvæmt ákvæðum 7. greinar, 6. b. í lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

Taka fram í umsókn, hversu lengi umsækjandi skuldbindi sig til að hlíta gæzlunni, svo og að hann undirgangist að virða í einu og öllu reglur þær, sem um gæzlu og gæzluvistir eru settar.

10. gr.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 1. tölulið 9. greinar, skal hlíta gæzlunni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 2. tölulið 9. greinar, skal hlíta 55  
gæzlunni svo lengi sem yfirlæknir geðveikrahælis á Kleppi ákvæður, þó aldrei lengur 25. maí  
en sjúklingurinn samkvæmt umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða  
löggráðamanns hans komi af nýju til.

Nú fer sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, heimildarlaust af hæli eða heimili, þar sem hann er í gæzluvist, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í gæzluna á ný og til að hlíta henni, unz lokið er gæzlutíma þeim, sem segir í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar.

#### 11. gr.

Gæzluvist fylgir vinnuskylda gæzluvistarmanns, eftir því sem yfirlæknir geðveikrahælisins á Kleppi segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða ármenn í hans umboði.

#### 12. gr.

Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem vitanlega hefur verið tekinn í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða aðstoðar hann við útvegum áfengis, skal sæta sektum.

#### 13. gr.

Um greiðslu kostnaðar af meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt ákvæðum 8.—11. greinar fer á sama hátt sem um greiðslur fyrir aðra sjúklinga í sjúkrahúsum ríkisins.

#### 14. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt lögum þessum, þ. á m. með hverjum skilyrðum þeir verði teknir í gæzlu, rekstur gæzluvistarhæla samkvæmt 8. gr., gæzluvist þar og á einkaheimilum, vinnu gæzluvistarmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.

### III. KAFLI Sjóðstofnun.

#### 15. gr.

Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal á árunum 1950—1956 verja 750 þúsund krónum á hverju ári til að leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hafi það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður, og þá fyrst og fremst af að reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli þau, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara.

### IV. KAFLI Niðurlagsákvæði.

#### 16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda, eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 108 30. desember 1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, svo og ákvæði annarra laga, er kunna að koma í bága við ákvæði laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Eysteinn Jónsson.*